

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2022, miðvikudaginn 17. ágúst kl. 9:07, var haldinn 237. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Líf Magneudóttir, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúarnir Ásta Þ. Skjalddal Guðjónsdóttir og Helga Þórðardóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Órvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Inga Rún Sigurðardóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (E) Umhverfis- og samgöngumál

1. Göngugötur, niðurstöður starfshóps og tillaga að samþykkt, tillaga USK22060048  
Mál nr. US220122

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. júní 2022 með tillögu að samþykktum fyrir göngugötur í Reykjavík.

Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 22. júní 2022.  
Rétt bókun er: Samþykkt. Vísað til borgarráðs.  
Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ef horft er á 5. gr. er ekki gengið nógu langt. Íbúar eiga ekki að þurfa að sækja um leyfi fyrir tilfallandi akstri á göngugötu t.d. vegna flutninga eða stærri framkvæmda. Slík umsókn tefur málið og kallar á auka starfskrafta sem kosta. Þegar talað er um göngugötur má ekki gleyma þeim sem eru fótafúnir eða með skerta hreyfifærni. Fatlað fólk finnur mikið fyrir því núna að geta ekki lagt bílnum sínum í stæði nálægt verslunum og þjónustu. Ef við horfum t.d. á Laugarveginn, þá er ekki hægt að leggja bíl þar. Sérmerktu stæðin eru í hliðargötum. Leigubílar ættu að geta keyrt göngugötu til að sækja fatlaða einstaklinga. Í þessari bókun er vísað í eftirfarandi umfjöllun í Kjarnanum: <https://kjarninn.is/skodun/laerdu-a-thetta/>

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Í 6. grein samþykktarinnar stendur að það megi hafa viðburði án tónlistar á göngugötum og það þá einungis í klukkustund á sama staðnum. Eftir það megi listamaður ekki halda viðburð nema vera búinn að færa sig um 50 metra. Þetta eru of þröng skilyrði sem er verið að setja fólki. Listafólk má ekki spila tónlist samkvæmt þessu og tjá þannig list sína án þess að sækja um leyfi hjá borginni. Þetta stuðlar ekki að lífandi og spennandi list á göngugötunum og hamlar þeirri tjáningu of mikið. Það að mega ekki vera með viðburð lengur en í klukkustund hamlar því líka að fólk hafi fyrir því að sýna verk sín og leyfa gestum að njóta menningarinnar sem gæti þrífist á göngugötunni.

- Kl. 9:08 tekur Hildur Björnsdóttir sæti á fundinum.

#### (A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. ágúst 2022.

3. Kleppsgarðar, skipulagslýsing Mál nr. SN220409

Lögð fram skipulagslýsing VSÓ ráðgjafar dags. 22. júní 2022 vegna nýs deiliskipulags að Kleppsgörðum. Tilgangur skipulagsins er að koma fyrir byggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að lýsingin verði kynnt og leitað umsagna þeirra aðila sem taldir eru upp í henni.

Samþykkt er að kynna lýsingu að deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagna um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Faxaflóahöfnum, Siglingastofnun, Veðurstofunni, Veitum, Ljósleiðaranum, Strætó bs. og Mílu, Minjastofnun, Borgarsögusafni, viðeigandi sviðum hjá Reykjavíkurborg, íbúaráði og einnig skal kynna hana fyrir almenningi. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Það væri mikil eftirsjá af því græna ósnortna klettasvæði ef það fer allt undir gráa uppbyggingu. Það er því kappsmál að tekið sé tillit til þess og það varðveitt sem mest. Til þess þarf að hugsa út fyrir kassann og meta vel hvort tækifæri séu til að fara með uppbygginguna inn á aðliggjandi bílastæði í Holtagörðum með tilheyrandi kaupum á þeirri lóð.

Sverrir Bollason frá VSÓ ráðgjöfum tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Laugavegur 20B, breyting á deiliskipulagi (01.171.5) Mál nr. SN220003

Lögð fram umsókn Páls V Bjarnasonar dags. 4. janúar 2022 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í umsókninni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar fyrir einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlíð hússins fram að Klapparstíg með þaksvölum, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 30. desember 2021, br. 8. ágúst 2022. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. október 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. mars 2022 til og með 13. apríl 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Haraldur Ingvarsson f.h. Reykjavík Rent ehf. dags. 12. apríl 2022 og Einar Bjarnason dags. 12. apríl 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. ágúst 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til í umsögn skipulagsfulltrúa.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. ágúst 2022. Vísað til borgarráðs

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Silfurslétta 9, breyting á deiliskipulagi (03.453.5) Mál nr. SN220354

Lögð fram umsókn Landmótunar sf. dags. 8. júní 2022 um breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði á Esjumelum vegna lóðarinnar nr. 9 við Silfursléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðarinnar til suðausturs, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 18. maí 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. júlí 2022. Lagt er til að tillögunni verði synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Synjað er beiðni um breytingu á deiliskipulagi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Vindás-Brekknáás, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN220424

Lögð fram umsókn Landmótunar sf. dags. 4. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Vindáss-Brekknáás. Í breytingunni sem lögð er til felst að bætt er við lóð og byggingarreit fyrir dreifistöð á austurhlið skipulagssvæðisins, samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 3. júní 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Grandagarður 16, breyting á deiliskipulagi (01.114) Mál nr. SN220426

Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 4. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðarinnar nr. 16 við Grandagarð. Í fyrirhugaðri breytingu felst að reitur 2 á lóð er færður samsíða byggingu frá norðausturhorni lóðar um ca 20 m til suðvesturs, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 30. júní 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

### **(B) Byggingarmál**

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022.

### **(E) Umhverfis- og samgöngumál**

9. Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, verkefni samgöngusáttmála, kynning Mál nr. US220178

Kynning á stöðu undirbúnings gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, verkefni samgöngusáttmálans.

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar eru meðal þeirra verkefna í samgöngusáttmála sem hafa tafist verulega. Lítil sem engin hreyfing var á málinu allt síðasta kjörtímabil. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa um árabíl lagt til úrbætur á gatnamótunum og undirstrika nú mikilvægi þess að unnið verði með skjótum og vönduðum hætti að málinu, með bætt umferðaröryggi að leiðarljósi. Jafnframt verði þess gætt að velja leið sem ekki gengur á verndarsvæði Elliðaárdalsins.

Bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er færð í trúnaðarbók.

Berglind Hallgrímsdóttir frá Eflu, Bryndís Friðriksdóttir og Kristján Árni Kristjánsson frá Vegagerðinni og Atli Björn E. Levy yfirverkfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið. Hjálmar Skarphéðinsson frá Eflu tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

10. Nýjar göngu- og hjólabrýr í Elliðaárdal, kynning Mál nr. US220177

Kynning á stöðu undirbúnings nýrra göngu- og hjólabrúa í Elliðaárdal.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna hugmyndum um smíði nýrra göngu- og hjólréiðabrúa í Elliðaárdal og Víðidal. Jafnframt er fagnað löngu tímabærum viðgerðum á göngubrú yfir Dimmu í Víðidal. Í júní 2017, fyrir rúmum fimm árum, bentu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins á slæmt ástand brúarinnar og lögðu til að ráðist yrði í viðgerðir á henni án tafar. Það segir ákveðna sögu um vinnubrögð í borgarkerfinu að það skuli hafa tekið hálfan áratug að bregðast jákvætt við svo einfaldri tillögu, sem varðar sjálfsagðar úrbætur á fjölfarinni leið gangandi og hjólandi vegfarenda.

Kristinn Jón Eysteinnsson byggingartæknifræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (D) Ýmis mál

11. Framgangur uppbyggingaráætlunar fyrir leikskólalóðir, kynning Mál nr. US220179

Kynning á framgangi uppbyggingaráætlunar fyrir leikskólalóðir.

Frestað.

12. Reynisvatnsás, kæra 88/2022 Mál nr. SN220497

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 5. ágúst 2022 ásamt kæru dags. s.d. þar sem kærðar eru tillögur að breyttu deiliskipulagi Reynisvatnsáss.

13. Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins, um aðgerðir til að stemma stigu við hraðakstri, umsögn - USK22030169 Mál nr. US190203

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins um aðgerðir til að stemma stigu við hraðakstri mótorhjóra og vespa á stígnum bak við Fannafell, Gyðufell og lðufell, sbr. 44. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 26. júní 2019 ásamt umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Tillagan er dregin til baka.

14. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa, umsögn - USK22020091 Mál nr. US220041

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa, sbr. 27 liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 9. febrúar 2022 ásamt umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Tillagan er felld. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði fram tillögu um að skipulags- og samgöngusvið kanni öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa.

Vegfarendur sjá ekki að bíll er á leiðinni út, enda ekið út úr húsi. Áhyggjur eru af því að slys verði á vegfarendum sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa víða í borginni. Ástandið er mis slæmt. Þetta er spurning um að vegfarendur fái viðvörðun um bílaumferð úr bílastæðahúsi og að bílstjórinn sjái þ.e. hafi sjónlínu á gangstéttina til að geta gætt að vegfarendum. Í svari frá skipulagsyfirkvöldum er tekið undir að aðstæður við útakstur úr sumum bílahúsum mættu vera betri og að mikilvægt sé að huga að sjónlínunum við hönnun nýrra bílahúsa. En þrátt fyrir að þetta sé ekki nógu gott er það mat skipulagsyfirkvalda að ekki sé hætta á alvarlegu slysi. Þessu er Flokkur fólksins ósammála og telur að skoða eigi og bæta þær út akstursaðstæður þar sem þær eru verstar. “Betra er að byrgja brunninn áður en barn dettur ofan í hann”. Það á aldrei að gefa afslátt af umferðaröryggismálum, séu brotalamir einhvers staðar sem hægt er að bæta.

15. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um að gönguljós verði með skynjunarbúnaði, umsögn - USK22030169 Mál nr. US180455

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að gönguljós verði með skynjunarbúnaði sem gefi frá sér hljóðmerki þegar fótgangandi nálgast og sem nema og laga sig að umhverfishljóðum, sbr. 19. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 30. janúar 2019 ásamt umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Tillagan er felld. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins er ósáttur við hversu seint þessi tillaga kemur til afgreiðslu. Tillagan var lögð fram í janúar 2019 og er svarað í ágúst 2021. Á þessum tíma kann margt að hafa breyst. Tillagan er um að gönguljós verði með skynjunarbúnaði sem gefi frá sér hljóðmerki þegar fótgangandi nálgast og sem nema og laga sig að umhverfishljóðum. Í svari kemur fram “að nú sé gerð krafa um hnappabox sem innihaldi stillanlegan hljóðmerkjagjafa. Hljóðmerkin eru virk hvort sem gangandi vegfarendur eru til staðar eða ekki, en hægt er að stýra því á hvaða tíma sólarhrings þau eru virk”. Þá er það spurning hvort þessum hljóðmerkjum sé stýrt eða klingja þau kannski allan sólarhringinn? Hvað sem því líður þá hafa án efa orðið framfarir í þessum málum, skyldi maður halda enda á þriðja ár síðan tillagan var lögð fram.

16. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um endurbætur á öllum biðstöðvum strætó, umsögn - USK22030169 Mál nr. US180454

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurbætur á öllum biðstöðvum strætó, sbr. 18. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 30. janúar 2019 ásamt umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 12. mars 2022.

Tillögunni er vísað frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði fram tillögu 2019 um endurbætur á öllum biðstöðvum strætó sem voru þá víða í lamasessi. Tillagan kemur til afgreiðslu nú þremur árum síðar. Í umsögn er minnst á niðurstöður úttektar frá 2020 á aðgengismálum á biðstöðvum Strætó. Þá voru Yfir 500 biðstöðvar metnar ófullnægjandi. Flokkur fólksins bókaði 2020 að til stæði að lagfæra 12 strætó biðstöðvar sem voru verst farnar bæði um aðgengi og yfirborð. Aðeins á 11 biðstöðvum af 556 var aðgengi viðunandi. Aðgengi og lélegt yfirborð stétta við strætó biðstöðvar hefur auðvitað komið verst niður á fötluðu fólki. Í umsögn sem fylgir afgreiðslu þessarar tillögu er staðfest að

endurbætur eru á bið vegna væntanlegrar borgarlínu sem búið er að upplýsa um að tefjist um 3-5 ár. Flokkur fólksins óttast að þessi mál verði látin danka og tefjist borgarlínuverkefnið enn frekar er ekki líklegt að skipulagsyfirvöld ráðist í endurbætur sem tengjast væntanlegri borgarlínu á næstunni. Flokkur fólksins telur að endurmeta verði endurbætur á þeim fjölda biðstöðva sem eru í lamasessi í ljósi fyrirsjáanlegrar seinkunar borgarlínu.

17. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um bílastæðaklukkan, umsögn - USK22030169  
Mál nr. US190230

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bílastæðaklukkan, sbr. 42. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019 ásamt umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. mars 2022.

Tillagan er felld. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins harmar hversu seint er brugðist við málum Flokks fólksins en hér er enn ein tillaga Flokks fólksins sem hér er til afgreiðslu sem er eldgömul, lögð fram 2019. Lagt var til að Reykjavíkurborg skoðaði að leggja af stöðumæla og setja þess í stað bílastæðaklukkan. Í því myndi vera mikill sparnaður og hagræðing. Klukkan og namar er það sem reynst hefur best annars staðar. Segir í umsögn að ekki verði séð að núverandi fyrirkomulag gjaldheimtu sé haldið slíkum göllum, að ástæða sé til að nota bílastæðaklukkan í stað núverandi kerfis. Flokkur fólksins vill benda á hagkvæmnissjónarmið og að Reykjavíkurborg noti "kerfi" sem er bæði ódýrt, einfalt og sem virkar. Í umsögn er bent á að hægt sé að greiða fyrir með snjall lausnum. Flokkur fólksins segir þá að það sé gott fyrir þá sem nota snjalllausnir en það séu ekki allir sem noti slíkar lausnir. Nefna má eldri borgara, ferðamenn og aðra þá sem ekki eru með snjallsíma.

18. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, að ljósabúnaður við innkeyrslu bílakjallara Ráðhússins verður lagaður, umsögn - USK21120067 Mál nr. US210285

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að ljósabúnaður við innkeyrslu bílakjallara Ráðhússins verður lagaður, sbr. 20. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 3. nóvember 2021 ásamt umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 12. ágúst 2022.

Tillögunni er vísað frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Á þeim tíma sem tillagan var lögð fram skapaðist iðulega vandræðaástand þegar ekið var í bílakjallarann eða upp úr honum. Flokkur fólksins lagði til í nóv. sl. að ljósabúnaður við innkeyrslu bílakjallara Ráðhússins verði lagaður. Vandinn fólst í að ljósabúnaður, upplýsingaskilti um laus stæði í kjallaranum og hvort bíll væri á leið úr kjallaranum virkaði ekki sem skyldi þannig að bílar á leið ofan í kjallarann og úr honum mættust. Innkeyrslan er einbreið. Margir lentu í vandræðum. Skýring er sögð vera sú að "vegna innleiðingar nýs aðgangsstýringarkerfis í bílakjallarann varð umrætt upplýsingaskilti tímabundið óvirkt". Einnig segir í svari að bílastæðasjóður vinnur nú að uppsetningu nýs LED skiltis við innkeyrsluna í bílakjallara ráðhússins en því miður hefur tafist að koma upp skjánum".

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um samþykkt um göngugötur Mál nr. US220180

Í samþykkt um göngugötur í Reykjavík þá kemur fram í fjórðu grein að íbúar á göngugötu geti sótt um svokallað göngugötukort til að hafa aðgang að bílastæði. Eingöngu er gefið út eitt göngugötukort fyrir hvert bílastæði. Flokkur fólksins spyr hvort ekki sé hægt að gefa út fleiri en eitt kort við sérstakar aðstæður? Vísað er jafnframt í umfjöllun um þessi mál í Kjarnanum: <https://kjarninn.is/skodun/laerdu-a-thetta/>

20. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um stæði fyrir hjól- og fellihýsi Mál nr. US220181

Nágrannasveitarfélög eins og Hafnarfjörður og Kópavogur hafa komið til móts við eigendur hjól- og fellihýsa með því að bjóða þeim að geyma þau yfir sumarið á svæðum í eigu sveitarfélaganna sem eru illa nýtt. Þetta gæti t.d. verið skólalóð á þeim tíma sem skólar eru í sumarfrí eða við íþróttamannvirki. Það er stefna borgarinnar að fækka bílastæðum og hafa jafn vel undir einu bílastæði fyrir hverja íbúð í byggingu. Mikil fjölgun hefur orðið á hjól og fellihýsum og margir íbúar Reykjavíkur kjósa að eiga slík hýsi til frístundaiðkunar og því eðlilegt að Reykjavíkurborg hugi að þessum hópi og kanni hvort að ekki megi þjónusta hann. Ljóst er að þessi hópur er á hrakhólum í dag og spurning hvort að borgin eigi því ekki að koma að þessu. Flokkur fólksins óskar því eftir að fá að vita hver stefna borgarinnar er í þessu málefni.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 12:03**

#### **Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson  
Hjálmar Sveinsson  
Líf Magneudóttir

Hildur Björnsdóttir  
Kjartan Magnússon  
Pawel Bartoszek

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 9. ágúst kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1174. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson og Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Arnarhlíð 8 (16.297.02) 220840 Mál nr. BN061314

541201-4830 Dalhús ehf., Ögurharf 6, 203 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054709 þannig að lagfærðar eru brunamerkingar í húsinu á lóð nr. 8 við Arnarhlíð.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
2. Austurberg 28-38 (46.707.--) 112108 Mál nr. BN061323

Elvar Ólafsson, Austurberg 32, 111 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að gera hurðargat í burðarvegg á milli stofu og eldhúss, í íbúð 0202 í mhl 03 í húsi á lóð nr. 32 við Austurberg.

Umsögn burðarvirkishönnuðar er á teikningu og segir að það þurfi ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir á burðavirki vegna þessa.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Álfheimar 21 (14.322.05) 105236 Mál nr. BN061119

611218-2650 Ankor ehf., Álfheimum 21, 104 Reykjavík

Garðar Einarsson, Bandaríkin, Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. breytingar á innra skipulagi og stækkun á anddyri íbúðar í kjallara í húsi á lóð nr. 21 við Álfheima.

Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

4. Baldursgata 10 (11.861.07) 102228 Mál nr. BN061316

Hjálmar Sveinsson, Baldursgata 10, 101 Reykjavík

Ósk Vilhjálmsdóttir, Baldursgata 10, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056581, vegna lokaúttektar, sem eru breytingar á innra skipulagi húss á lóð nr. 10 við Baldursgötu.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Lagfæra skráningu.

5. Blönduhlíð 17 (17.130.13) 107224 Mál nr. BN061319

711006-1330 S-50 ehf., Blönduhlíð 17, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka kvisti, koma fyrir nýjum svölum og breyta innra skipulagi íbúðar 0301 í húsi á lóð nr. 17 við Blönduhlíð.

Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 20. júlí 2022 og afrit af samþykktum aðaluppdráttum.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. Blönduhlíð 22 (17.131.06) 107239 Mál nr. BN061322

Sólveig Ágústa Ágústsdóttir, Suðurgata 2, 801 Selfoss

Ísidór Freyr Sigurbjörnsson, Þverbrekka 6, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til breyta innra skipulagi íbúðar 0001 þannig að gert er herbergi úr tveimur geymslurýmum í norðvestur horni, salernið færð þar sem eldhúsið er og eldhúsið þar sem baðherbergið er, gluggar síkkaðir í herbergi í suðvestur horni auk þess sem garður er gerð út á verönd í húsi á lóð nr. 22 við Blönduhlíð.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

7. Bolholt 4 (12.512.02) 103440 Mál nr.  
BN061208

710589-2169 Húsfélagið Bolholti 4, Bolholti 4, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og 2. og 5. hæð skipt í þrjár eignir og 4. hæð í tvær eignir í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 4 við Bolholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 1 (12.162.01) 102753 Mál nr.  
BN061269

450613-2310 BE eignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð og innrétta kennsluhúsnæði fyrir LHÍ ásamt því að lokað er fyrir hurð yfir í kjallara mhl. 02 í húsi á lóð nr. 1 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. Borgartún 6 (12.200.02) 102778 Mál nr.  
BN061321

620402-3110 Mýrarrauði ehf., Kópavogsbraut 20, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058905 þannig að innra skipulagi á 3. og 4. hæð er breytt í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

10. Bæjarflöt 19 (02.578.4) 224867 Mál nr.  
BN060438

620617-2880 Þvergil ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059285, þannig að frágangi lóðar er breytt, bílastæðum er fjölgað um 5, stiga og gluggum er breytt, auk þess sem eignum er fjölgað úr 6 í 7 í húsum A og B og eignum fækkað úr 6 í eina eign og svalir færðar á húsi C og og skráningartafla uppfærð fyrir hús A, B og C á lóð nr. 19 við Bæjarflöt.

Stækkun 29,7 ferm., 4.900,6 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júlí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2022.

Bréf frá hönnuði um breytar breytingar á erindinu dags. 9. júní 2022 fylgir.

Gjald kr.12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

11. Dyngjuvegur 18 (13.843.05) 104902 Mál nr.  
BN061051

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja niður færanlegar kennslustofur, sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg.

Stærð: 792,0 ferm., 2.502,7 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Uppdrættir nr. 1, 2 og 3 dags. 16. maí 2022.

12. Efstaleiti 19 (17.452.01) 224636 Mál nr.  
BN061272

Ágúst Birgisson, Miðteigur 13, 600 Akureyri

Sótt er um leyfi til að innrétta læknastofu í rými 0101 í mhl. 02, sem er Efstaleiti 21B á lóð nr. 19 við Efstaleiti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Eggertsgata 2-34 (16.34-.99) 106682 Mál nr. BN061273

540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu, með kjallara undir hluta húss, tveggja hæða að hluta, innréttu smábarnaleikskóla fyrir 119 börn á 1. hæð, tæknirými í kjallara og starfsmannaaðstöðu á 2. hæð, einnig að endurnýja eldri leikskóla, stækka eldhús og bæta starfsmannaaðstöðu í Eggertsgötu 12-14 á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.

Stækkun: 770 ferm.

Eftir stækkun, A- og B-rými: 2.522,8 ferm., 7.462,9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, hljóðvistargreinargerð 1, frá Myrru dags. 11. júlí 2022 og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 12. júlí 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

14. Einarsnes 66A (16.730.04) 106821 Mál nr. BN061173

Haukur Ploder, Grandavegur 42A, 107 Reykjavík

Sigríður Karlsdóttir, Grandavegur 42A, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús og tvöfaldan bílskúr úr krosslímdum timbureiningum, einangrað að utan, klætt með málm- og timburklæðningu á lóð nr. 66B við Einarsnes.

Stærð: 212,1 ferm., 680,6 rúmm.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

15. Eirhöfði 18 (40.300.04) 110516 Mál nr. BN061300

611098-2359 Heilsa og fegurð ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við austurhlíð húss á tveimur hæðum, bæta við millilofti og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 18 við Eirhöfða.

Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti samþykktra aðaluppdráttu.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

16. Engjavegur 6 (13.773.01) 220031 Mál nr.  
BN061324

670169-0499 Íprótta-og Ólympíusamband Ísl, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta 2. hæð þannig að burðaveggir eru rifnir niður til að sameina tvær skrifstofur í fundar- og fyrirlestrasal, gerðar breytingar á snyrtingu til að uppfylla kröfur um aðgengi fyrir hreyfihamlaða og einnig snyrtingu bætt við ásamt ræstirými, í húsi, mhl. 03, á lóð nr.6 við Engjaveg.

Bréf hönnuðar fylgir dags. 2. ágúst 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

17. Fornhagi 8 (15.441.03) 106454 Mál nr.  
BN061320

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að koma fyrir færanlegum kennslustofum við leikskólann Hagaborg á lóð nr. 8 við Fornhaga.

Stækkun leikskólans er: 237,4 ferm.,879,2 rúmm.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

18. Grettisgata 5 (11.715.06) 101422 Mál nr.  
BN061332

420498-3229 Hótel Frón ehf., Laugavegi 22a, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059771, þannig að grunnmynd á 2 hæð er leiðrétt þannig að sýndar eru þrjár íbúðir og geymsla 0106 verður í eigu 0203, í húsi á lóð nr. 5 við Grettisgötu.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

19. Gullslétta 10 (34.533.504) 206644 Mál nr.  
BN061301

630217-1480 Lækjarmelur 10 ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN060255, þannig að brunalýsingu er breytt og burðarvirki útveggja og þaks, á húsi á lóð nr. 10 við Gullsléttu.

Minnkun er 2,4 ferm., 19,4 rúmm.

Orkurammi dags. 12. júlí 2022 fylgir.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. Hamrahlíð 2 (17.300.01) 107330 Mál nr.  
BN061317

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi að setja niður þrjár færanlegar kennslustofur K138-JB, K139-JB, K140-JB og tengibyggingu með kaffistofu, við Hlíðarskóla á lóðinni nr. 2 við Hamrahlíð.

Stærð: Mhl. 06 K138-JB er 82,7 ferm., 310,1 rúmm. Mhl. 07 K139-JB er 79,5 ferm., 298,4 rúmm. Mhl. 08 K140-JB er 102,2 ferm., 367,3 rúmm. Samtals: 264,4 ferm., 975,8 rúmm.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

21. Hlíðarhús 3-7 (28.451.02) 172492 Mál nr.  
BN061241

710890-2269 Eir,hjúkrunarheimili, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta fjórðu hæð þannig að útbúnaar verða tvær endurhæfingardeildir fyrir 20 rúm ásamt borð- og setustofu, í rýmum á norður- og suðurhluta hæðarinnar í hjúkrunarheimilinu Eir á lóð nr. 7 við Hlíðarhús.

Bréf frá Framkvæmdastjóra rekstrasviðs Eirar fylgir dags. 5. júlí 2022

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

22. Holtavegur 28 (13.861.01) 104939 Mál nr.  
BN060234

690169-0889 KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að reisa viðbyggingu á vesturhlíð mhl.01, stækkun á núverandi leikskóla sem hýsa skal matstofu í húsi á lóð nr.28 við Holtaveg.

Stækkun er: 28,1 ferm., 77,8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 15. nóvember 2021.

Samantekt brunavarna ódags. fylgir.

Umsögn vinnueftirlit dags. 25. nóv. 2021 fylgir.

Bréf frá Umhverfis og samgöngusvið Reykjavík fylgir.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. Hverfisgata 100 (11.741.03) 101581 Mál nr.  
BN061265

520321-1360 Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060440 þannig að byggingarefni efri hæða verður úr forsmíðuðum timbureiningum, klætt bárujárn á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun dags. 12. júlí 2022 og yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

24. Hverfisgata 123 (12.221.17) 102853 Mál nr.  
BN060885

691199-3559 Tómas & Dúna ehf, Bergholti 2, 270 Mosfellsbær

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059094 þannig að innra skipulagi er breytt í veitingastað í húsi á lóð nr. 123 við Hverfisgötu.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fokheldi. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

25. Klambratún Mál nr.  
BN061333

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja niður grenndarstöð með sex djúpgámum, þ.e. fimm 5,0 rúmm. og einn 3,0 rúmm. á norðvestur horni bílastæðis við Klambratún, við gatnamót Rauðarárstígs og Flókagötu.

Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Erindi BN058325 dregið til baka.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og skrifstofu umhverfisgæða.

26. Kleppsmýrarvegur 6 (14.510.02) 105602 Mál nr.  
BN061309

Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík  
630120-1010 Úlfarsá ehf., Hlíðasmára 4, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 5-6 hæða fjölbýlishús, mhl. 01, með 51 íbúð, ásamt kjallara, mhl. 02, með 51 bílastæði og hjólageymslu, einangrað og klætt að utan ásamt 5 djúpgámum, mhl. 03, á lóð nr. 6 við Kleppsmýrarveg.

Stærð, mhl. 01, A-rými: 5902,9 ferm., 18.170,6 rúmm.

B-rými: 328,8 ferm.

Mhl. 02, A-rými: 1,382,9 ferm., 4.418,8 rúmm.

Mhl. 03, A-rými: 18 ferm., 51,5 rúmm.

Samtals: 7.303,8 ferm.,

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Kleppsmýrarvegur 6 (14.510.02) 105602 Mál nr.  
BN061297

630120-1010 Úlfarsá ehf., Hlíðasmára 4, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að rífa vörugeymslu, mhl. 04, opið skýli, mhl. 06, opið skýli, mhl. 07 og spennistöð, mhl. 05 á lóð nr. 6 við Kleppsmýrarveg.

Niðurrif:

F2023167, mhl. 04, merkt 0001, vörugeymsla, 282 ferm.

Mhl. 06, merkt opið skýli, 370 ferm.

Mhl. 07, merkt opið skýli, 1.100 ferm.

F2023168, mhl. 05, merkt 0101, spennistöð 278, 22 ferm.

Samtals niðurrif: 1.774 ferm.

Gjald kr. 12.600

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Lambhagavegur 7 (26.475.01) 211677 Mál nr.  
BN061239

660917-1600 Lambhagavegur 7 ehf., Smáratorgi 3, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055624 þannig að innréttuð er rannsóknastofa á hluta 2. hæðar í húsinu á lóð nr. 7 við Lambhagaveg.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

29. Laugavegur 4 (11.713.02) 101402 Mál nr.  
BN061158

580215-1300 Laugastígur ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu verslun í kjallara (götuhað) og veitingastað í flokki II, teg. a á 2. hæð og í risi í mhl. 01 á lóð nr. 4 við Laugaveg.

Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 20. júní 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

30. Lindargata 1-3 (11.511.05) 100979 Mál nr.  
BN061270

510391-2259 Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir, Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, opna yfir í Arnarhvál á öllum hæðum, koma fyrir lyftu og eldvörðu stigahúsi milli allra hæða, færa til glugga á norðurhlíð og opna þar útgönguleið og innréttu aðstöðu fyrir ýmiss konar fundahöld og móttöku í húsi Hæstaréttar, Lindargötu 3 á lóð nr. 1-3 við Lindargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um hljóðvist 1, frá Myrru dags. 2. júní 2022, umsögn Minjastofnunar dags. 3. ágúst 2022 og greinargerð um brunavarnir frá EFLU, dags. 8. júní 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

31. Lindargata 7 (11.511.04) 100978 Mál nr.  
BN061310

690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN060680, þannig að brunavörn stálsúla er breytt, gerð leikmunageymsla og bar breytt, í húsi á lóð nr.7 við Lindagötu.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

32. Naustavogur 15 (14.562.01) 105648 Mál nr.  
BN061286

460207-1690 Míla ehf., Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja fjarskiptamastur í stað gamals grindarmasturs, sem verður 20 metra hátt, á lóð nr.15 við Naustavog.

Erindi fylgir yfirlýsing vegna samkomulags um leigu á aðstöðu á lóð, dags. 28. mars 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

33. Ránargata 3A (11.362.10) 100546 Mál nr. BN060553

Þórhallur Arnórsson, Ránargata 3A, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að koma fyrir léttum svölum á suðurhlíð 2. hæðar fjölbýlishúss á lóð nr. 3A við Ránargötu.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 23. febrúar 2022 og samþykki meðeigenda dags. 9. mars 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2022. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Ránargötu 3 og 5 og Bárugötu 4 og 6, frá 30. mars 2022 til og með 3. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

34. Seljavegur 13 (11.332.11) 100241 Mál nr. BN061204

Ingibjörg Gunnarsdóttir, Brekkustígur 4A, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja kvist á götuhlið, koma fyrir þakgluggum á götu- og garðhlið og innréttu íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Seljaveg.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dag. 24. júní 2022.

Stækkun: 3,6 rúmm.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Uppfærðum teikningum framvísað til skipulagsfulltrúa.

35. Silfurteigur 5 (13.621.05) 104588 Mál nr. BN061131

Jakob Frímann Þorsteinsson, Silfurteigur 5, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060261 þannig að í stað timburveggja verða útveggir við lóðarmörk staðsteyptir, í nýjum hluta bílskúrs, mhl.02, á lóð nr. 5 við Silfurteig.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

36. Skipholt 21 (12.501.08) 103426 Mál nr.  
BN061331

411014-1340 Esja eignir ehf., Hrafnshöfða 25, 270 Mosfellsbær

Sótt er um leyfi til að innrétta gististað í fl. II, teg. b, 46 herbergi fyrir 92 gesti og rými fyrir verslun/þjónustu á götuhlið 2. hæðar húss á lóð nr. 21 við Skipholt.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda.

37. Skógarhlíð 6 (17.030.03) 107071 Mál nr.  
BN061252

540599-2039 Hjallastefnan ehf., Vífilsstaðavegi 123, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, breyta brunahólfun og flóttaleiðum, koma fyrir flóttastigahúsi á norðurhlið og innrétta bráðabirgðahúsnæði fyrir leik- og grunnskóla á 2. - 4. hæð húss á lóð nr. 6 við Skógarhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um veitingu bráðabirgðaleyfis dags. 20. maí 2022 og bréf Stjórnarráðs Íslands dags. 31. maí og 2. júní 2022.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

38. Starmýri 2A (12.830.01) 103700 Mál nr.  
BN060903

520716-0920 Starmýri 2A ehf., Starmýri 2a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058605, þ.e. innra skipulagi kjallara er breytt, bætt er við fjórðu hæðina, íbúðum fjölgað um tvær og verða því samtals 20 og skráning uppfærð í matshluta nr. 03 í húsi nr. 2A á lóð nr. 2 við Starmýri.

Stærð: 3.288,2 ferm., 10.228,2 rúmm.

Stækkun: 401,0 ferm., 1.154,2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti teikningum hönnuðar dags. 14.október.2021.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Lagfæra skráningu.

39. Stigahlíð 44 (17.151.08) 107274 Mál nr.  
BN061315

Guðný Björg Sigurðardóttir, Stigahlíð 44, 105 Reykjavík

Vilhjálmur Pálmi Snædal, Stigahlíð 44, 105 Reykjavík

Sótt er um heimild til að saga niður úr glugga og setja hurð út í garð og til að lækka jarðveg og gera verönd á vesturhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 44 við Stigahlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. 27. júlí 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

40. Suðurlandsbraut 4 (12.620.01) 103513 Mál nr.  
BN061011

510108-2210 Mænir Reykjavík ehf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta gluggum 1. hæðar á austurgafli með inngangshurð og breyta rými 0102 í lagerrými í húsi nr. 4 á lóð nr. 4-4A við Suðurlandsbraut.

Stærð: Óbreytt.

Erindi fylgir samþykki eigenda Suðurlandsbrautar nr.4, dags. 20. janúar 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Tangabryggja 18 (40.231.04) 224130 Mál nr.  
BN061318

Pórunn Berndsen, Tangabryggja 18, 110 Reykjavík

Ólafur Jón Árnason, Tangabryggja 18, 110 Reykjavík

Sótt er um svalalokun með einföldu hertu öryggisgleri sem rennt er til hliðar eftir álbraut, á íbúð nr. 0108 í húsi á lóð nr.18 við Tangabryggju.

Erindi fylgir samþykkt frá löglega boðuðum húsfélagsfundi, dags. 11. júlí 2022

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

42. Varmadalur 5

Mál nr.  
BN061294

Jón Sverrir Jónsson, Varmadalur 2, 162

Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhús úr forsteyptum einingum á lóð nr. 5 við Varmadal.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 18. júlí 2022 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2022.

Stærð: 465,6 ferm., 3.061 rúmm.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og eða grenndarkynningar. Uppdrættir nr. A001, A002, A003 dags. 10. júlí 2022, breytt 26. júlí 2022.

### Ýmis mál

43. Krókháls 20

Mál nr.  
BN061312

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að stofna nýja lóð, Krókháls 20, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 27.07.2022.

Ný lóð Krókháls 20 (staðgreininr. 4.142.101, landeignarnr. L234453).

Lagðir 9908 m<sup>2</sup> til lóðarinnar

Lóðin Krókháls 20 (staðgreininr. 4.142.101, landeignarnr. L234453) verður 9908 m<sup>2</sup>.

Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 27.04.2022, samþykkt í borgarráði þann 05.05.2022 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 28.06.2022.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

44. Úlfarsá

(00.074.000) 123799

Mál nr.  
BN061328

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að stofna lóðina Úlfarsbraut 122A, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 31.05.2016.

Ný lóð Úlfarsbraut 122A (staðgr. 5.055.801, L224264).

Lagðir 6523 m<sup>2</sup> til lóðarinnar frá jörðinni Úlfarsá (L123799).

Lóðin Úlfarsbraut 122A (staðgr. 5.055.801, L224264) verður 6523 m<sup>2</sup>.

Jörðin Úlfarsá (L123799) er skráð 0 m<sup>2</sup>.

Teknir 6523 m<sup>2</sup> af jörðinni og lagðir til lóðarinnar Úlfarsbrautar 122A (staðgr. 5.055.801, L224264).

Jörðin Úlfarsá (L123799) er áfram skráð 0 m<sup>2</sup>.

Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 27.01.2016, og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 11.03.2016.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

45. Úlfarsbraut 118-120 (26.988.01) 205754 Mál nr. BN061325

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að endurskrá lóðina Úlfarsbraut 118, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 15.07.2022.

Lóðin Úlfarsbraut 118 (staðgr. 2.698.801, L205754) er skráð 5357 m<sup>2</sup>.

Þessi skráning er samkv. þinglýstu stofnuskjali lóðar nr. 411-U-005160/2007. Í því stofnuskjali er engin afmörkun á lóðunni heldur eingöngu uppgefin stærð lóðar. Aldrei hefur verið gefið út mæliblað af lóðinni með þessari stærð.

Lóðin Úlfarsbraut 118 (staðgr. 2.698.801, L205754) á að vera 5227 m<sup>2</sup>.

Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í skipulagsráði þann 20.12.2006 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 08.03.2007.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

46. Úlfarsbraut 122-124 (50.557.01) 205755 Mál nr. BN061326

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að endurskrá lóðina Úlfarsbraut 122, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 11.07.2019.

Lóðin Úlfarsbraut 122 (staðgr. 5.055.701, L205755) er skráð 22036 m<sup>2</sup>.

Þessi skráning er samkv. þinglýstu stofnuskjali lóðar nr. 411-U-005160/2007. Í því stofnuskjali er engin afmörkun á lóðunni heldur eingöngu uppgefin stærð lóðar. Aldrei hefur verið gefið út mæliblað af lóðinni með þessari stærð.

Lóðin Úlfarsbraut 122 (staðgr. 5.055.701, L205755) á að vera 43825 m<sup>2</sup>.

Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í borgarráði þann 24.07.2018, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 14.09.2018 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 05.11.2018.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

47. Úlfarsbraut 122A Mál nr. BN061327

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að stofna lóðina Úlfarsbraut 122A, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 31.05.2016.

Ný lóð Úlfarsbraut 122A (staðgr. 5.055.801, L224264).

Lagðir 6523 m<sup>2</sup> til lóðarinnar frá jörðinni Úlfarsá (L123799).

Lóðin Úlfarsbraut 122A (staðgr. 5.055.801, L224264) verður 6523 m<sup>2</sup>.

Jörðin Úlfarsá (L123799) er skráð 0 m<sup>2</sup>.

Teknir 6523 m<sup>2</sup> af jörðinni og lagðir til lóðarinnar Úlfarsbrautar 122A (staðgr. 5.055.801, L224264).

Jörðin Úlfarsá (L123799) er áfram skráð 0 m<sup>2</sup>.

Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 27.01.2016, og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 11.03.2016.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

48. Úlfarsbraut 126 (50.565.01) 205756 Mál nr. BN061329

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að afskrá lóðina Úlfarsbraut 126.

Lóðin Úlfarsbraut 126 ( L205756 ) er skráð 6250 m<sup>2</sup>.

Þessi skráning er samkv. þinglýstu stofnskjali lóðar nr. 411-U-005160/2007. Í því stofnskjali er engin afmörkun á lóðunni heldur eingöngu uppgefin stærð lóðar. Aldrei hefur verið gefið út mæliblað af lóðinni með þessari stærð.

Lóðin Úlfarsbraut 126 ( L205756 ) á að vera 0 m<sup>2</sup> og skal felld úr skrá.

Fasteignir sem eru skráðar á lóðina skulu flytjast yfir á lóðina Úlfarsbraut 122 (staðgr. 5.055.701, L205755).

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 12:05.**

Erla Bjarný Jónsdóttir

Nikulás Úlfar Másson

Sigrún Reynisdóttir

Jón Hafberg Björnsson

Guðrún Ósk Hrólfsdóttir